

dýrðlega, að allir hljóta að beygja sig fyrir þeim ritverkum með dýpstu lotning. — mér liggir við að segja, hvort sem menn eru trúaðir eða vantrúaðir.

Eg ætla nú ekkert frekar að rekja trúarlíffssögu þjóðar vorrar. Ekkert að minnast á ástand hins íslenska þjóðlífs eftir að þessi síðari mikla flóðalda tók að hjaðna. Ekkert að rífa upp af því, er drifið hefir á daga Íslendinga í kristindómslegu og menntunarlegu tilliti á þessari öld, sem nú er að kveðja, eða síðara hluta átján. aldaráttarinnar. Að eins vil eg segja það, að nú er vissulega þörf á nýrri kristilegri stórstraumsöldu fyrir þjóðlífi vort. Og eg sé ekki betr en að þegar sé farið að móta fyrir henni. Mér sýnist slík alda vera þegar tekin til að rísa í kirkjunni íslensku, bæði heima á Íslandi og líka hjá fólki voru hér í þessu landi. Hægfara er hún. Það er víst. Og það getr vel farið svo, að hún hjaðni upp og verði bráðlega að engu. En hitt er naumast missýning, að byrjan til slíkrar öldumyndunar sé þegar komin fram. Og er þá fyrir oss alla, íslensku kirkjumenn, með guðs hjálp að sjá við því, að þetta verði ekki byrjanin tóm.

Nú—þegar hér er komið í júbílháttðar-hugleiðingum vorum—vil eg í drottins nafni leiða athygli yðar allra, kærir tilheyrendr, að þeim stutta kafla guðs orðs, sem eg las upp úr biblíunni áðr en eg hóf þetta mál mitt. Því á því er ekki minnsti vafi fyrir mér, að þar er skýr bending frá hinum guðlega konungi kirkjunnar, frelsara vorum Jesú Kristi sjálfum, um það, á hvern hátt kristindómurinn á að verða og getr orðið hverju einasta þjóðlífi stórkostlega arðberandi eign, svo að hann beri almenningi æ meiri og víðtækari blessan eftir því, sem tímar líða fram, sívaxanda ávöxt til eilífs lífs. Flóðaldan andlega, sem eg sagði að væri farið að móta fyrir í íslensku kirkjunni í báðum höfuðáttum hennar, í austri og vestri, heldr alveg víst áfram að rísa og færast út, ef vér, sem drottinn hefir kvatt sér til þjónustu, í meðferð vorri á orði hans förum eftir þeirri bending, sem hann gefr í dæmisögu textans. Og þótt það væri missýning, þetta um mót fyrir rísandi öldu í kirkju vorri, þá myndi þó slík alda áreiðanlega taka til að rísa með von um áframhaldanda vöxt hennar, jafnvel alveg takmarkalausan, ef

vér nu
greina
auðve
og þe
þrem
mjög
vaxta
kristn
frelsa
sér ni
þeim
með a
þanga
kristin
tiletla
að fra
f öllur
komi
undir
skapi
ætlan
þannig
að gjö
verðr.
skal v
um kr
skynsa
T
eg nú
vorra
skýrt
sannle
boðska
anna
um in
Eg ska
og sys